

Heilbrigðisráðuneytið  
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2022

## Umsögn SFV um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (hér eftir nefnd SFV) senda hér umsögn sína um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða

SFV fagna því að nú sé í mótun heildræn stefna um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða sem leggja á fyrir Alþingi. Að mati samtakanna eru stór tækifæri fólgin í þeirri áherslu sem ráðherra og ríkisstjórn leggja á málaflokkinn, sem lýsir sér þeim stóru skrefum sem ætlunin er að taka:

- Mótun og samþykkt á Alþingi nýrrar heildarstefnu í málefnum aldraða
- Skipan verkefnisstjórnar til að vinna að útfærslu stefnunnar
- Framkvæmdaáætlun í málefnum aldraða til fimm ára

Til þess að áhersla ríkisstjórnarinnar á málaflokkinn eigi að skila raunverulegum árangri er lykilatriði að haft verði víðtækt samráð við hagsmunaaðila og sérfræðinga í geiranum á öllum stigum málsins. Með því að setja þessi drög að stefnu í samráðsferli er stigið mikilvægt skref í þá átt. Það er svo enn mikilvægara að í verkefnisstjórnina verði skipaðir þeir aðilar sem best þekkja til um þjónustu við aldraða og bera þjónustu við þá uppi í dag. Þar eru aðildarfélög SFV í algeru lykilhlutverki. **Því óska SFV eftir þátttöku í verkefnisstjórninni og jafnvel að fá að gegna leiðandi hlutverki í henni.** Þar myndu samtökin vinna af fullum krafti að því að raungera þá góðu stefnu sem stjórnvöld eru að móta í málefnum aldraða.

Það er mat samtakanna að í stefnudrögunum sé að finna ýmsar tillögur sem séu mikilvæg umbótaskref og samtökin styðja að nái fram að ganga. Það sem er sérlega jákvætt eru meginþemur sem eru til grundvallar í stefnunni, t.d að:

- „Aldrað fólk á Íslandi skuli búa við örugga og hagkvæma heilbrigðisþjónustu þar sem aðgengi allra er tryggt.“
- „Einstaklingurinn á að vera hjartað í kerfinu“
- Þá er mikil áhersla lögð á að gera eldra fólki kleift að vera heima hjá sér sem lengst, með aukinni þjónustu heim til þeirra sem á þurfa að halda. Þannig virðist vera komin almenn sátt um að það vanti mikla þjónustu á stiginu á milli þess að vera heima og þess að flytja inn á hjúkrunarheimili.

Það er einnig ljóst að það er margt í tillögunum sem þarf að vinna áfram og útfæra enn frekar. Innan aðildarfélaga samtakanna er mikill mannauður og þekking á öldrunarmálum sem samtökin hvetja til að sé virkjaður til frekari stefnumótunarvinnu í málaflokknum. Samtökin og aðildarfélög þess eru þannig tilbúin til samstarfs í þeirri vinnu sem við tekur í næstu skrefum málsins.

Hér á eftir fylgja athugasemdir og ábendingar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Umsögn samtakanna skiptist í athugasemdir um einstaka tillögur/áherslur í þingsályktunartillögunni og svo eru ýmsar ábendingar sem samtökin vilja koma á framfæri.

### **Athugasemdir um einstaka tillögur:**

#### **Forysta til árangurs**

- Boðað er að löggjöf um réttindi, þátttöku og skipulag við þjónustu við eldra fólk verði endurskoðuð. SFV taka undir þetta og sjá mikil tækifæri í að samþætta stjórnsýslu í málaflokknum (losna við „sílóin“) og tryggja þannig að stjórnsýslan styðji við úrbætur í þjónustu við aldraða. Þannig er því miður of oft ekki staðan í dag. Þá kalla samtökin eftir því að viðtækt samráð verði haft við hagsmunaaðila og sérfræðinga í geiranum í þessari vinnu.
- Vinna á að „svæðisbundinni samræmingu heilbrigðis- og félagsþjónustu m.a. með samningum um svæðisbundin tilrauna- eða þróunarverkefni um heildarskipulag samræmdar heilbrigðis- og félagsþjónustu“. SFV leggja áherslu á að taka þurfi stærri skref en svo að setja í gang „tilrauna- eða þróunarverkefni“. Samþætta þarf þjónustuna heildrænt yfir landið allt til að tryggja að eldra fólk hringinn í kringum landið fái þá þjónustu sem það á rétt á.
- Auka á sérstakan stuðning við ættingja og aðstandendur sem sinna umönnun. Hér leggja SFV áherslu á mikilvægi fræðslu sem eina tegund af stuðning við þennan hóp í þeim anda sem t.a.m. Alzheimersamtökin hafa byggt upp.

#### **Rétt þjónusta á réttum stað**

- SFV fagna því sérstaklega að auka eigi stuðning „við aldrað fólk með geð- og/eða fíknivanda, s.s. með sérstakri göngudeild, innlagnardeild og dagdvöl fyrir aldrað fólk með þennan vanda.“ Nú eiga SFV í samningaviðræðum við Sjúkratryggingar Íslands um nýjan þjónustusamning fyrir hjúkrunarheimili. Þar hafa SFV talað fyrir nákvæmlega því sem ráðherra boðar með þingsályktunartillögu þessari, þ.e. SFV hafa kallað eftir því að sett verði af stað vinna við að útbúa slík úrræði. Og þar má í raun engan tíma missa, þörfin fyrir slíkt úrræði er þegar til staðar. Því bera samtökin vonir til þess að góðar áherslur ráðherra í þingsályktunartillögu þessari skili sér til stofnunnar þeirrar sem semur við þjónustuaðila fyrir hönd stjórnvalda.

SFV taka undir það markmið að heimaþjónusta verði einstaklingsmiðuð, þverfagleg þjónusta sem byggir á heildrænu faglegu mati. Þar er einnig mikilvægt að heimaþjónustan sé í góðu sambandi við næsta þjónustustig, sem eru hjúkrunarheimilin, varðandi stuðning heim í formi dagdvala, dagendurhæfinga og dagþjálfunar fyrir einstaklinga með heilabilun. Mikilvægt er að nýta sér þau úrræði til að draga úr líkum á innlögn á hjúkrunarheimili.

#### **Fólkið í forgrunni**

- Boðað er að „Menntun og þjálfun starfsfólks sem veitir öldruðu fólki heilbrigðisþjónustu sé í samræmi við kröfur um gæði þjónustunnar.“ SFV taka undir þetta markmið en minna stjórnvöld á að gera þarf ráð fyrir þeim kostnaði sem fylgir. Annars vegar tengt fræðslunni sjálfri og svo mögulega ef auka á kröfur um heilbrigðismenntun inni á hjúkrunarheimilum
- Þá kemur fram að heilbrigðisþjónusta við aldrað fólk verði “mönnuð nægum fjölda fagfólks með hæfni og færni til að taka á þeim heilbrigðisvandamálum sem upp koma og einnig til að

stuðla að sem bestu heilbrigði notenda heilbrigðisþjónustunnar”. Allt er þetta fagnaðarefni og tekur SFV undir þetta.

Samtökin minna hér á að embætti Landlæknis hefur gefið út viðmið um lágmarks og æskilega mönnun, fagmönnun og umönnunartíma á hjúkrunarheimilum, en því miður virðist enginn annar aðili innan stjórnáráðs taka mikið mark á þeim viðmiðum. **Staðan í dag er þannig að fjárveitingar frá ríkinu eru um 4 milljörðum árlega of lágar til að ná æskilegum viðmiðunum embættis Landlæknis um mönnun og umönnun.** Samtökin leggja því áherslu á að þeim kröfum til hjúkrunarheimila um mönnun og umönnun sem koma munu úr þeirri vinnu sem hér er boðuð fylgi fjármagn til að mögulegt sé að uppfylla þær.

Í þessu samhengi benda SFV líka á boðað er í að innleiða eigi „samræmt mat fyrir þjónustupörf“. Á sama hátt og hvað varðar mönnunarviðmið Landlæknis þá er hér mikilvægt að slíkt mat verði ekki einungis til sýnis, heldur fylgi fjármagn frá ríkinu til að hægt verði að veita þá þjónustu sem matið sýnir fram á að þörf sé á.

### Virkir notendur

- SFV taka undir þau markmið sem sett eru fram hér, sérlega hvað varðar nýtingu á velferðartækni, aðgengi að upplýsingum og áherslu á vinnu gegn einmanaleika. Þar geta þjónustukjarnar sem tengdir eru við hjúkrunarheimil komið sterkir inn auk þjónustukjarna sveitarfélaga.
- Hér sem og varðandi flestar tillögurnar í þingsályktunartillögunni minna SFV á mikilvægi þess að með fylgi fjármagn til að mögulegt verði að raungera þessi góðu markmið

### Skilvirk þjónustukaup

- Boðað er að “Greiðslukerfi vegna dvalar og langtímaumönnunar á hjúkrunarheimili verði endurskoðað.” Og í því samhengi sé mikilvægt að “að greiðslur fyrir dvöl og langtímaumönnun á hjúkrunarheimilum endurspegli þann kostnað sem umönnunin útheimtir”. Hér eru SFV að öllu leyti sammála og **minna að greiðslur frá ríkinu til þjónustuaðila í dag gera þetta einmitt alls ekki.**

Eins og fram kom skýrt í Gylfa-skýrslunni er viðvarandi hallarekstur á langflestum hjúkrunarheimilum; það vantar mikið upp á að greiðslur dugi til að hjúkrunarheimili geti mætt mönnunar og umönnunarviðmiðum Embættis landslæknis og það vantar mikið upp á greiðslur vegna húsnæðiskostnaðar hjúkrunarheimila. **Það verður líklega stærstu úrbæturnar sem þessi stefna leiðir af sér, ef stjórnvöld standa við þessa góðu fyrirætlan um að láta “greiðslur endurspeglja þann kostnað sem umönnunin útheimtir”.**

- Boðað er að settar verði “samræmdar reglur um innihald þjónustu í dagdvalarrýmum sem og forgangsröðun einstaklinga í þjónustuna.” Hér minna SFV á að þjónusta þessi er oft í höndum annarra rekstraraðila en ríkisins. Það sem þarf því til hér eru ekki einhliða reglur, heldur samningar milli aðila um þjónustu í dagdvalarrýmum.

Samningaviðræður um slíka þjónustusamninga dagdvala hafa þegar farið fram, fyrir nokkrum árum, en lauk því miður ekki og þannig er staðan enn, ekki eru til samningar um rekstrur dagdvala. SFV kalla eftir því að slíkar samningaviðræður verði teknar upp aftur og að þar verði lögð áhersla á einmitt þau góðu markmið sem koma fram í þingsályktunartillögu þessari. Þá er

mikilvægt að samningarnir taki tillit til mismunandi krafna til þjónustu í almennum dagdvalarrýmum; almennum sérhæfðum dagdvalarrúmum, dagdvalarrýmum f. einstaklinga með heilabilun & dagdvalarrýmum með sérhæfðri endurhæfingu

Þá minna SFV á að með þessum aðgerðum þarf líka að hækka greiðslur til dagdvala, því þær standa varla undir sér í dag.

- Varðandi viðmið sem setja á um fjölda hjúkrunarrýma á hverju svæði, þá minna SFV á að fjármagn þarf að fylgja til að mögulegt verði að ná fram þeim viðmiðum.

### Gæði í fyrirrúmi

- SFV taka undir að eitt stefnuviðmiða verði að innleiða persónubundna þjónustuáætlun. Þar er þó mikilvægt að kostnaðarmeta þarf það verkefni og tryggja nægilega fjármögnun

- Varðandi húsnæðismál hjúkrunarheimila kemur fram sú fyrirætlun að:

„Húsnæði hjúkrunarrýma sem standast ekki viðmið um aðbúnað og persónulegt rými verði endurbætt, umbreytt í aðra þjónustu við aldraða eða því lokað. Gerð verði heildstæð úttekt og áætlun um hvaða núverandi hjúkrunarrými verði lögð af eða breytt vegna ófullnægjandi aðbúnaðar.“

Í dag er mikil umframeftirspurn eftir rýmum á hjúkrunarheimilunum og hefur m.a verið mikill þrýstingur frá stjórnvöldum og stofnunum þeirra á hjúkrunarheimilin að taka við fleira fólki. Samtökin hvetja stjórnvöld til að hafa þetta í huga þegar aðgerðin er útfærð. Það er alls ekki þannig í dag að fjöldi íbúa hjúkrunarheimila geti verið útskrifaðir til að rýma fyrir aðgerð þessari. Þannig er mikilvægt að byrja á því að ná árangri í að innleiða fjölbreyttari úrræði í heilbrigðisþjónustu við eldra fólk til að draga úr eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum í framtíðinni.

- Samtökin eru hins vegar sammála því að mikilvægt er að hjúkrunarrými standist viðmið um aðbúnað og persónulegt rými, undanfarin ár hefur mikill árangur náðst í að endurbæta húsakost hjúkrunarheimila víðast hvar. Þannig er t.d sú vegferð að útrýma tvíbýlum langt komin. Samtökin hvetja til að stjórnvöld styðji áfram og fjármagni þá þróun að endurbæta hjúkrunarrými. Í stefnunni er ekki sett fram áætlun um hvenær rýmum verði lokað eða þau endurbætt eða hvernig úrbætur verða fjármagnaðar. Að mati samtakanna er þetta ákaflega veigamikil atriði og ábyrgðarmál að þetta sé útfært eða amk. skoðað áður en svo stórt stefnumarkandi skref er stigið.

Varðandi húsnæðismál hjúkrunarheimila þá vilja samtökin líka benda á að enn er eftir að útfæra hvernig stjórnvöld ætla að greiða hjúkrunarheimilum að fullu húsnæðiskostnað þeirra. Þar minna SFV á að stjórnvöld hafa fallist á að þann vanda þurfi að leysa. Í nýlegri lokaskýrslu vinnuhóps heilbrigðisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og SFV kom fram eftirfarandi sameiginleg niðurstaða:

„Þá er það mat hópsins að skoða þurfi húsnæðiskostnað hjúkrunarheimila sérstaklega og taka ákvörðun um hver eigi að standa straum af kostnaðinum og hvernig haga beri fjármögnun og rekstri húsnæðis hjúkrunarheimila.“

SFV kalla eftir því að næstu skref í að raungera þennan sameiginlega vilja allra þessara aðila, verði tekin með í þingsályktunartillögu þessari. Þannig færi t.d vel á því ef bætt væri undir lið

3.5 nýrri málsgrein þar sem fjallað væri um að ofangreindir aðildar muni sameiginlega vinna að útfærslu á greiðslu húsnæðiskostnaðar til hjúkrunarheimila til framtíðar.

- Boðað er að eitt stefnuviðmiða verði að reglulegt gæðaeftirlit verði með hjúkrunarheimilum. Þar minna samtökin á að þannig er það einmitt í dag (sem er jákvætt).
- Þá hvetja SFV til að gæðavísarnir verði skoðaðir í samræmi við þá þróun sem hefur átt sér stað í hjúkrunarþyngd heimilianna og heilsufar þeirra sem þau eru núna að taka á móti. Mikilvægt er að gæðavísarnir þróist í samræmi við breytta tíma.

### **Hugsað til framtíðar**

- Það er ákaflega ánægjulegt að sjá slíka skýra framtíðarsýn um nýtingu velferðartækni og almennt tækniþróunar í þeim tilgangi að bæta þjónustu við aldraða. Þar eru SFV sammála og hlakka til þeirrar vegferðar að vinna með stjórnvöldum í þessa átt. Þar minna samtökin á að gera þarf ráð fyrir auknum kostnaði við þessa þróun í daggjaldi til hjúkrunarheimila.

### **Aðrar ábendingar**

#### **Hvildarrými og endurhæfingarrými**

Í skýrslunni er ekki mörkuð stefna varðandi hvildarrými eða endurhæfingarrými. Að mati samtakanna er mikilvægt að fjallað sé um eflingu þeirra í stefnumótun sem þessari, sérlega vegna þess að þau styðja við það markmið að einstaklingar geti búið lengur heima.

#### **Öflug læknisþjónusta fyrir aldraða**

Samtökin vilja benda á að fjalla þurfi betur í drögnum um læknisþjónustu fyrir aldraða. Aldraðir eiga rétt á góðri heilbrigðisþjónustu rétt eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Öldrunarlækningar eru nokkuð nýtt fag sem notar ákveðnar aðferðir sniðnar að þörfum aldraðra, sem eru gagnreyndar. Aldraðir ættu að hafa rétt eins og aðrir á bestu mögulegu læknisþjónustu hvort sem er á heilsugæslu, einkastofum, heima, á sjúkrahúsum eða hjúkrunarheimilum.

#### **Stig heilbrigðisþjónustu**

Fram kemur í greinargerð þingsályktunartillögunnar að á hjúkrunarheimilum sé veitt þjónusta á fyrsta stigi heilbrigðisþjónustunnar. Samtökin vilja benda á að á hjúkrunarheimilum er veitt heilbrigðisþjónusta sem nær mun lengra en fyrsta stigið, t.d ýmis læknisþjónusta, langtímahjúkrun og ekki síst líknandi meðferð. Þá hefur þjónustustig hjúkrunarheimila aukist töluvert síðan lög um heilbrigðisþjónustu voru samþykkt og á hjúkrunarheimilum fer fram í æ ríkara mæli bæði hjúkrun og læknisþjónusta á öðru stigi sem annars væri veitt á spítölunum, ef ekki væri fyrir þá stefnu heimilanna að senda ekki á spítala nema brýn þörf sé á. Það er því mat samtakanna að rétt sé að flokka heilbrigðisþjónustu þá sem veitt er á hjúkrunarheimilum í dag sem annars stigs heilbrigðisþjónustu.



SAMTÖK FYRIRTÆKJA  
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Að lokum þá þakka SFV fyrir tækifærið til að veita málinu umsögn og lýsa sig viljug til að koma að áframvinnslu málsins á öllum stigum. Starfsfólk fyrirtækja í velferðarþjónustu býr yfir gríðarlegri þekkingu og hvetja samtökin stjórnvöld til að horfa til þeirra við stefnumótun í málaflokknum.

Að öðru leyti vísast til umsagna aðildarfyrirtækja Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

F.h Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Björn Bjarki Þorsteinsson, formaður stjórnar

María Fjóra Harðardóttir, varaformaður stjórnar

Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri